

Mál nr. 240/2006
M
og Vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar.

Ágreiningur um bótarétt M úr slysátryggingu hennar hjá V vegna slyss þ.7.7.1993.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.11.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 4.12.2006

Málsatvik.

M krefst þess að úrskurðað verði að hún eigi rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V miðað við niðurstöðu matsgerðar frá 23.12.2003 og segir lögmaður M að rök M fyrir bótakröfunni sé að heilsufar M hafi versnað og það hafi ekki komið endanlega í ljós fyrr en með ofangreindu mati og þá hafi hún first getað gert sér grein fyrir hvaða bótarétt hún ætti vegna slyssins sem varð þ. 7.7.1993. V hafnar bótaskyldu og bendir á að þegar M hafi slasast hafi hún haft í gildi almenna slysátryggingu hjá V og henni greiddir dagpeningar og bætur skv örorkumötum sem hafi legið fyrir. Þá bendir V á að meir en 10 ár liðin frá því að slysið varð og skv. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga séu allar kröfur um bætur úr greindri vátryggingu fyrndar.

Álit.

Kröfur M eru fyrndar sbr. 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga.. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá V.

Reykjavík. 15.12.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.